

Þriðjudaginn 13. ágúst 1996.

Nr. 308/1996.

Rannsóknarlögregla ríkisins

gegn

Birgi Guðmundssyni

(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a- og c-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Haraldur Henrysson, Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. ágúst 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til d-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 110. gr. sömu laga, er fallist á, að skilyrði séu til að taka til greina kröfu sóknaraðila um gæsluvarðhald yfir varnaraðila, svo og að hann verði vistaður á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun á varðhaldstímanum. Að þessu athuguðu verður hinn kærði úrskurður staðfestur, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Birgir Guðmundsson, skal vistaður á sjúkrahúsi eða viðeigandi stofnun, þar til dómur gengur í máli hans, þó ekki lengur en til mánudagsins 23. september nk. kl. 16.00.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 9. ágúst 1996.

Ár 1996, föstudaginn 9. ágúst, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa, kveðinn upp þessi úrskurður.

Rannsóknarlögreglan hefur með vísan til c- og d-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 krafist þess, að Birgi Guðmundssyni, sem sætt hefur gæsluvarðhaldi síðan 12. júlí sl., verði með úrskurði gert að sæta áfram gæsluvarðhaldi eða vistun á viðeigandi stofnun, sbr. 110. gr. laga nr. 19/1991, allt til mánudagsins 23. september nk. kl. 16.00.

Kærði hefur setið í gæsluvarðhaldi samkvæmt úrskurði, sem kveðinn var upp í Héraðsdómi Reykjavíkur 12. júlí sl., en hefur auk þess sætt geðrannsókn samkvæmt sama úrskurði, en niðurstaða hans var staðfest með dómi Hæstaréttar 16. júlí sl.

Kærði hefur játað að hafa að kvöldi fimmtudagsins 11. júlí sl. brotist inn á heimili móður sinnar og stjúpa, ráðist á stjúpa sinn og stungið hann í augun með skrúfu. Árásarþoli gekkst undir mikla lækniáðgerð á augum, og er ekki ljóst, hvort hann muni öðlast fulla sjón aftur.

Lögreglan segir, að rannsókn málsins sé að mestu lokið, en skýrsla geðlæknis um andlega heilbrigði kærða muni liggja fyrir á næstu dögum, og verði málið þá sent ríkissaksóknara til ákvörðunar. Lögreglan bendir enn fremur á, að kærði hafi áður ráðist á og haft í hótunum við móður sína og stjúpa. Sl. haust hafi kærði ráðist með ofbeldi á stjúpa sinn og hótad honum, og sl. vor hafi kærði tekið bifreið stjúpa síns ófrjálsri hendi og ekið henni út í sjó. Móður kærða og stjúpa standi því ógn af kærða og óttist, að hann muni ráðast á þau aftur, verði hann látinn laus.

Verknaður, sem kærði liggur undir rökstuddum grun um að hafa framið, er mjög alvarlegur og gæti varðað við 2. mgr. 218. gr. og 231. gr. alm. hgl., en hið fyrrnefnda getur varðað fangelsi allt að 16 árum.

Með hliðsjón af því, sem að framan er rakið, og rannsóknargögnum málsins þykir hætta á, að kærði muni halda áfram brotum, meðan máli hans er ekki lokið, og þar með hætta á, að aðstandendur hans og jafnvel aðrir verði fyrir svipuðum árásum og hann hefur þegar gerst sekur um. Loks þykir nauðsynlegt með tilliti til almannahagsmuna, að tryggt sé, að kærði gangi ekki laus, áður en dómur hefur verið kveðinn upp í máli hans. Skilyrði til gæsluvarðhalds eru því fyrir hendi samkvæmt c- og d-lið 1. mgr. og 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt vottorði fangelsislæknisins í Hegningarhúsinu frá því í dag, en þar hefur kærði verið í gæslu frá 3. ágúst sl., er það mat læknisins, að sökum sjúklegs ástands kærða geti hann ekki verið í fangelsi. Telur lækni-rinn mjög brýnt, að hann verði án tafar vistaður á viðeigandi sjúkrastofnun til meðferðar. Í vottorðinu segir enn fremur, að yfirlæknir réttargeðdeildarinnar að Sogni hafi tjáð fangelsislækninum, að mögulegt sé að vista kærða þar.

Í ljósi framanritaðs og með hliðsjón af gögnum málsins ber samkvæmt

110. gr. laga nr. 19/1991 að vista kærða á réttargeðdeildinni að Sogni, þar til dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til mánudagsins 23. september nk. kl. 16.00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Birgir Guðmundsson, skal vistaður á réttargeðdeildinni að Sogni, þar til dómur gengur í máli hans, en þó ekki lengur en til mánudagsins 23. september nk. kl. 16.00.
